



Faghópur leikskólaliða

Ársfundur

Faghópur leikskólaliða í Eflingu-stéttafélagi héldu ársfund sinn mánudaginn 30. mars 2009. Fundurinn var haldinn í sal Ferðafélags Íslands Mörkinni 6, Reykjavík og hófst kl. 20:00.

Áður hafði verið haldinn fræðslufundur 14. október 2008 í fundarsal Ferðafélags Íslands Mörkinni 6, Reykjavík.

Á fræðslufundinum hélt Fríða Bjarney Jónsdóttir hélt erindi um fjölmenningu á leikskólum. Mikilvægt er að leikskólastarf í nútíma samfélagi endurspegli þann margbreytileika mannlífs sem þar er alla daga ársins. Fjölmenningarlegt leikskólastarf tekur mið af því að enginn er eins en allir geta verið með á sínum forsendum. Í því felst meðal annars að nám, kennsla og samskipti eru án fordóma. Starfsfólk leikskóla vinnur með eigin viðhorf og það er borin virðing fyrir öllum. Lögð er áhersla á að efla samvinnu og samkennd í barnahópnum. Leitast er við að byggja upp jákvæða sjálfsmynd allra barna þannig að þau geti sýnt styrkleika sinn og þekkingu. Kennarar þekkja leiðir til að kenna íslensku sem annað mál. Í leikskólum borgarinnar er leitast við að koma til móts við þarfir sérhvers barns. Leikskólabörn með annað móðurmál en íslensku hefur fjölgað töluvert á undanförunum árum. Fríða benti fundargestum á að ef starfsfólk leikskóla hefði áhuga á gæti hún haldið kynningu fyrir það.

Sigurrós upplýsti leikskólaliða um hvað er að gerast í samningarmálum og að framhaldsnám fyrir leikskólaliða komi til með að fara fram á vinnutíma.

Leikskólaliðanemar voru sérstaklega boðnir velkomnir á fundinn.

Þuríður Ingimundardóttir sleit fundi kl. 22:00, 65 leikskólaliðar mættu á fundinn.

Ársfundur 30. mars 2009.

Dagsskrá fundarins: venjuleg ársfundarstörf, skýrsla stjórnar, innlegg frá leikskólaliðum í viðbótarnámi, kynning á þróunarverkefni „Gaman Saman“ og önnur mál.

Faghópur leikskólaliða er nú að hefja sitt annað starfsár. Þuríður Ingimundardóttir fór yfir ársskýrslu leikskólaliða.

Elín Jónsdóttir og Erna Haraldsdóttir kynntu viðbótarnám leikskólaliða „Börn með sérþarfir“. Elín og Erna voru í fyrsta hópnum sem fóru í þetta nám. Það voru 18 nemar sem byrjuðu í þessu námi. Að sögn þeirra var námið mjög skemmtilegt og fróðlegt í alla staði. Þær fengu kynningu á ýmsum fötlunum og fengu að kynnst ungum manni sem notar bliss til að tjá sig. Hann teiknar blisstákn á bliss borð en notar einnig púða með blisstáknum þar sem óþægilegt er að taka borðið með sér upp í rúm. Einnig var farið í heimsóknir á ýmsa staði t.d. Greiningarstöð ríkisins, Tölvumiðstöð fatlaðra, Blindrafélagið og fl. Elín og Erna lærðu að búa til myndrænt dagskipulag fyrir börn með sérþarfir og semja félagsfærnisögur. Helgi Hjartarson sálfræðingur hélt erindi um hegðunarfrávik. Einnig fengu nemendur að kynnst einhverfu. Sigrún Kristjánsdóttir hélt erindi um einhverfu en hún er foreldri einhverfs barns.

Guðrún Rafnsdóttir og Linda Ósk Sigurðardóttir kynntu þróunarverkefnið „Gaman Saman“ sem er samstarfsverkefni leikskólans Sólhlíðar og hjúkrunarheimilisins Droplaugarstaðar. Verkefnið gengur út á að börnin á Sólhlíð fara reglulega í heimsókn á Droplaugarstaði.

Börnin fóru í heimsókn á þriggja vikna fresti og gerðu eitthvað skemmtilegt, þau spiluðu, föndruðu, sungu saman, tóku slátur, bökuðu og fl. Heimilisfólkið var duglegt að segja börnunum sögur frá því í gamla daga og hvernig lífið og tilveran var þá. Það er alltaf mikil eftirvænting og mikil ánægja með þessar heimsóknir bæði hjá börnunum, starfsfólki og heimilisfólki. Börnin voru alltaf full tilhlökkunar yfir að fara á Droplaugarstaði enda farið í hvaða veðri sem er.

Sigurrós Kristinsdóttir, í stjórn Faghóps leikskólaliða og varaformaður Eflingar tók til máls og vék að framhaldsnámi leikskólaliða og hve margir leikskólaliðar væru útskrifaðir en þeir eru ríflega 170. Hún varpaði spurningu til fundargesta um sparnað á leikskólum. Hvort starfsmenn væru farnir að finna fyrir sparnaði á leikskólanum. Leikskólaliðar töldu það vera, það væri t.d. engin yfirvinna og oft er undirmönnun á deildum og ýmislegt fleira.

Fundargestir voru 51.